



Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 25.03. 2022. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8:15-9:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Ásta Björk Björnsdóttir, Guðbjörg Harpa Valdimarsdóttir, Jenný Ósk Óskarsdóttir (fjarverandi), Sara Pálmadóttir, Geirprúður Þórðardóttir, Arna Rut Hjartardóttir (fjarverandi), Dröfn Sigurðardóttir, Kári Hlynsson og Bryndís Björk Guðvarðardóttir.

Dagskrá

1. Kynning á BUILD verkefninu í 8. bekk

Sagt var frá BUILD verkefninu sem hefur verið prufukeytt í grunnskólum Hafnarfjarðar síðustu tvær annir og þar á meðal í Hraunvallaskóla. Píetasamtökin, í samstarfi við Hafnarfjarðarbæ og samstarfsaðila í Litháen og á Írlandi, fengu nýlega 25 milljóna króna styrk í gegnum Erasmus+ menntaáætlun ESB til þess að yfirfæra og þróa áfram námsefni og reynsluþrófa námskeið fyrir 13-14 ára ungmenni. Verkefnið hófst formlega í nóvember síðastliðnum. Markmið þess er að auka seiglu unglunga í grunnskólum landsins.

2. Umfjöllun um skóladagatal 2022-2023.

Skólaráð staðfesti umfjöllum með undirskrift sinn. Skóladagatalið verður lagt fram til samþykktar í Fræðsluráði Hafnarfjarðar.

3. Kynning á ÍSAT skipulagi

Ásta Björk Björnsdóttir aðstoðarskólastjóri sérverkefna fór yfir skipulag stoðþjónustu og ÍSAT kennslu innan skólans.

4. Innra mat – Skólapúlsinn

Var ekki rætt á fundinum.

5. Önnur mál

- Minnt á fund skólaráðs og nemendaráðs 5. apríl.
- Rætt um flutning á lausum kennslustofum af skólalóð (Glæsivellir).

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland